MIÐFJARÐARÁ 1992

Tumi Tómasson

Janúar 1993 VMST-N/93001

Eintak
Bókasafns
VMST-N/93001

VEIÐIMÁLASTOFNUN
Bókasafn

VEIÐIMÁLASTOFNUN
Norðurlandsdeild

LAXARANNSÓKNIR Í MIÐFJARÐARÁ 1992

INNGANGUR

Athuganir á laxastofnum Miðfjarðaránna hafa verið í nokkuð föstum skorðum á undanförnum. Kerfisbundnar gildruveiðar og merkingatilraunir hófust í Núpsá 1987, og undirbúningur þeirra rannsókna nokkru fyrr. Fylgst er með ástandi villtra seiðastofna og sleppiseiða á ólaxgengum svæðum, auk þess sem áfram er haldið með gönguseiðasleppingar og árangur þeirra metinn. Markmið okkar er að þróa laxræktunaraðferðir til að við séum betur í stakk búnir til að sjá fyrir og mæta sveiflum í náttúrulegri laxgengd.

VEIÐIN 1992

Veiðin 1992 batnaði töluvert frá árinu á undan, þrátt fyrir að aðstæður hafi ekki alltaf verið eins og best verður á kosið. Alls veiddust um 1350 laxar. Þar af voru um 975 smálaxar og 375 stórlaxar. Af smálöxunum má rekja um 175 til gönguseiðasleppinga eða tæp 20%, en þetta hlutfall er helmingi lægra í stórlaxinum.

Veiðin í Vesturá batnaði mest á milli ára og þar var hlutfall smálaxa í veiðinni einnig hæst (80%). Þetta skýrist fyrst og fremst með því að seiði dveljast almennt lengur í Vesturá heldur en í hinum ánum áður en gönguþroska er náð og þess vegna skilar bati í ástandi seiðastofna sér heldur hægar í veiðinni þar en í hinum ánum.

Laxastiginn í Kambsfossi sem tekinn var í notkun síðsumars 1991 var aftur opnaður um miðjan júlí 1992. Af um 370 löxum sem voru skráðir veiddir í "Austurá" (þ.e. frá ármótum Vesturár og fram að Valsfossi) veiddust 100 á nýja svæðinu fyrir ofan Kambsfoss. Það er því ekki annað að sjá en að stiginn gegni tilætluðu hlutverki sínu.

ÁSTAND SEIÐASTOFNA

Sumarið 1991 var mjög gott og skilyrði fyrir seiði í ánum almennt gott, ef undan er skilinn efsti hluti Núpsár sem þornaði nær alveg. Við áttum því von á áframhaldandi góðri gönguseiðaframleiðslu vorið/sumarið 1992.

Í Núpsá fór gangan vel af stað um miðjan júní, en norðanáhlaup 25-27 júní setti strik í reikninginn og við urðum ekki varir við að gangan næði sér almennilega upp aftur eftir það. Rafveiðar benda þó til að gönguseiðaframleiðslan geti hafa orðið sæmileg og betri en gildruveiðarnar gefa til kynna. Þó er ljóst að það hefur orðið einhver uppsöfnun stórra seiða í kerfinu, seiða sem í eðlilegu árferði hefðu gengið til sjávar 1992 en sem náðu ekki gönguþroska vegna vatnskulda.

Náttúruleg gönguseiðaframleiðsla hefur því að líkindum orðið minni en árið á undan. Holdafar og stærðardreifing seiða var yfirleitt góð og verði vorið og sumarið 1993 eðlilegt má reikna með að áhrif hretsins 1992 á veiði næstu ára verði ekki alvarleg.

Lítið fannst af vorgömlum seiðum og þau sem fundust voru mjög smá. Vatnshiti hefur því meiri bein áhrif á vaxtarmöguleika seiða sem þau eru smærri. Það er þó of snemmt að vera með getspár um afkomu þessa árgangs.

Smáseiðasleppingum á ólaxgeng svæði var haldið áfram. Mestu var sleppt í Austurá fyrir framan Valfoss, en seiðum var einnig sleppt í Núpsá milli Fosskotsfossa, í Þverá og í Urriðaá. Þessar sleppingar virðast allar hafa tekist vel og seiðin voru vel á sig komin þegar afkoma þeirra var könnuð í rafveiðunum um miðjan ágúst.

GÖNGUSEIÐASLEPPINGAR

Gönguseiðasleppingar hafa verið árviss þáttur í ræktunarstarfinu í Miðfjarðará allt frá árinu 1981. Árangur hefur verið nokkuð misjafn og var mjög slakur fyrstu árin. Með því að fylgjast kerfisbundið með endurheimtum hefur mikilvægrar þekkingar og reynslu verið aflað og á undanförnum árum hafa gönguseiða-sleppingar gegnt mikilvægu hlutverki í ræktunarstarfinu.

Sleppistaður hefur mikil áhrif á hvar laxarnir veiðast þegar þeir ganga aftur í ána og því er hægt að nota gönguseiðasleppingar til að jafna veiðina um ána með því að sleppa á stöðum þar sem veiðin er að öðru jöfnu rýr.

Sleppingar í neðri hluta Núpsár skila sér mest í veiðinni á kaflanum fyrir neðan veiðihúsið og fram í Svartafljót í Núpsá. Árið 1991 var gönguseiðum sleppt í fyrsta skipti í Vesturá og af 21 örmerktum smálaxi sem veiddist á stöng úr þessari sleppingu 1992 veiddust 16 í Vesturá, flestir í námunda við sleppistaðinn. Sleppingar fyrir neðan brú á undanförnum árum hafa einkum skilað sér í veiðinni neðan til í ánni.

Sé gert ráð fyrir 10% merkjatapi örmerktra laxa urðu heildar-heimtur stangveiddra laxa 1.3% úr sleppingunum 1989 og 2.6% 1990. Heimtur úr sleppingum 1991 eru hingað til orðnar 2.0% og stóðu undir tæplega 20% smálaxaveiðinnar 1992 eins og fyrr er getið.

Á bak við þessar heildartölur eru mismunandi sleppihópar sem hafa skilað sér misvel og í misháu hlutfalli sem smálaxar. Almennt má segja að gönguseiðasleppingarnar skili stærri smálaxi en náttúruleg framleiðsla hlutfall smálaxa er einnig mun hærra. Svo virðist sem stærð sleppiseiða hafi töluverð áhrif á hve stór laxinn er þegar hann endurheimtist og einnig hve hátt hlutfall skilar sér sem smálax. Hingað til virðast heildarheimtur hópa smærri seiða hinsvegar hafa orðið síst minni en heimtur stærri seiða.

Sumarið 1991 voru gerðar tilraunir með sleppingar mjög stórra tveggja ára gönguseiða. Því miður urðu margir hænganna kynþroska í ánni í stað þess að ganga til sjávar. Þeir sem skiluðu sér í veiðinni 1992 voru hinsvegar mjög vænir, allt að 9 pund og rúm 7 að meðaltali. Meðalþyngd hænga sem skiluðu sér úr sleppingum smærri eins árs seiða var hinsvegar rúm 6 pund, sem þó er nálægt pundinu meira en smálax af náttúrulegum uppruna. Nú liggur beint við að kanna betur hve langt við getum gengið í að smækka gönguseiðin og bæta þannig heimtur á stórlaxi, án þess þó að það bitni á heildarárangri sleppinganna.

AÐ LOKUM

Hér að framan hefur einungis verið stiklað á stóru. Í rannsóknum þeim sem unnið er að í Miðfirði eykst notagildi þeirra gagna sem safnað er eftir því sem upplýsingar til lengri tíma safnast og nýtast til samanburðar við fyrri ár, við rannsóknir í öðrum ám og til að kanna samhengi milli ýmissa þátta. Við erum háðir duttlungum náttúrunnar og fáum lítið ráðið þeirri hendi sem hún gefur okkur til að spila úr ár hvert. Það er okkur því mikilvægt að geta haldið rannsóknum þessum áfram um einhvert árabil enn.

Mikilvægustu gögnin fást með veiðinni sjálfri. Góð samvinna hefur tekist með Veiðifélagi Miðfirðinga, veiðimönnum og Veiðimálastofnun og skráning veiðinnar og sýnataka úr henni hefur verið til fyrirmyndar í Miðfjarðará. Það er óskandi að veiðin í Miðfjarðará sumarið 1993 verði okkur öllum ánægjuleg.

Tumi Tómasson
Norðurlandsdeild Veiðimálastofnunar
Hólum í Hjaltadal

SAMANTEKT Á HEIMTUM UM GÖNGUSKÍÐAGÖNGUM Í MIÐFJÖ, 1989-1991, STANDARÐ GÖNGUR:

* Ath. Merkjakerfi er um 10%, ekki tekið tillit til þess hér.

1989:

Staður	Fjölda skeppt	Smalar	Skíðalar	Samt. %
Núpsá	5135	33	28	1.18%
Ós	2258	20	7	1.20%
Skinst.á	2050	14	13	1.32%
Urriðaá	2747	4	4	0.29%
Vilk, Núpsá	453	1	3	0.88%

1990

Núpsá - lítil	2015	34	20	2.53%
Núpsá - stór	2011	44	6	2.81%
Ós - lítil	2015	30	12	2.68%
Ós - stór	2007	42	1	3.00%
Vilk, Núpsá	2936	35	38	2.49%

1991

Núpsá 1+	2531	65	-	(2.57)
Núpsá 2+	1098	18	-	(1.64)
Ós 1+	2515	25	-	(0.99)
Ós 2+	1625	32	-	(1.97)
Vesturá	1084	21	-	(1.94)
Vilk	3146	34	-	(1.08)